

AUGLÝSING

122

16. sept.

um niðurfærslu aðflutningsgjalda.

Með heimild í athugasemdarákvæðum í upphafi XV. flokks tollskrár hefur ráðuneytið fært niður aðflutningsgjöld af lestarborðum úr alúminíum og alúminíumlegeringum þannig, að gjöldin verði eins og að neðan greinir og varan flokkist eins og hér segir:

Tollskrá:

Kafli. Nr.

		Toll- eining	Vöru- magns- tollur Aurar	Verð- tollur %
66	11d Lestarborð úr alúminíum og alúminíumlegeringum	1 kg	7	8

Ofangrein aðflutningsgjöld skulu innheimt með viðaukum samkvæmt lögum, sbr. lög nr. 85 1957, svo og með 2% tollstöðva- og byggingarsjóðsgjaldi, sbr. 1. gr. laga nr. 85/1957 og 4 a í 3. gr. laga nr. 42/1957.

Fjármálaráðuneytið, 16. september 1958.

F. h. r.

Sigtr. Klemenzson.

Jón Skaftason.

REGLUGERÐ

123

16. sept.

um breyting á reglugerð um hafnargjöld landshafnarinnar í Keflavík og Njarðvíkum, nr. 172 28. okt. 1949.

1. gr.

6. gr. reglugerðarinnar orðist þannig:

Skip, sem halda til í höfninni eða hafa uppsátur innan takmarka hafnarinnar og eru minni en 100 rúmlestir brúttó skulu greiða ljósagjald 15 krónur fyrir hvern mánuð. Skip, sem eru skemur greiði 5 krónur fyrir hvern dag, þó aldrei meira en 30 krónur fyrir hvern mánuð.

Öll önnur skip skulu greiða ljósagjald í hvert sinn, er þau koma til hafnarinnar 10 krónur fyrir fyrstu 50 nettó rúmlestir af stærð skipsins og 10 aura fyrir hverja nettó rúmlest þar fram yfir, þó aldrei minna en 10 krónur.

Undanþegin ljósagjaldi eru sömu skip og undanþegin eru lestagjaldi samkvæmt 2. gr. a-lið hér á undan.

2. gr.

15. gr. reglugerðarinnar orðist þannig:

Hafn sögugjöld skulu greidd samkvæmt eftirfarandi gjaldskrá:

- Fyrir leiðsögu til hafnarinnar, 200 krónur fyrir hvert skip, sem er allt að 100 rúmlestir nettó, 80 aurar fyrir hverja nettó rúmlest frá 100 til 3000 rúmlestum og 20 aurar fyrir hverja nettó rúmlest þar yfir.
- Fyrir leiðsögu frá höfninni, 200 krónur fyrir hvert skip, sem er allt að 100 rúmlestir nettó og 40 aurar fyrir hverja nettó rúmlest frá 100 til 3000 rúmlestir og 10 aurar fyrir hverja nettó rúmlest þar yfir.
- Fyrir leiðsögu um höfnina, þar á meðal inn og út úr innri höfninni, greiðist

123
16. sept.

100 krónur fyrir hvert skip, sem er allt að 100 rúmlestir nettó og 20 aurar að auki fyrir hverja nettó rúmlest yfir 100.

3. gr.

22. gr. reglugerðarinnar orðist þannig:
Flokkar vörugjaldskrárinnar.

1. flokkur. Gjald 50 aurar fyrir hver 100 kg:
Blý, brýni, eldfastur leir, gaddavír, stálvír, saltaðar gærur í pökkum, hverfi-steinar, ís, járn og stál, járnkeðjur og járnþípur, kaðlar, kitti, litarvörur þungar, rafmagnsvörur, prentsverta, sódi, togleður, þakjárn, þakpappi, ísvarinn fiskur, nýr fiskur slægður og óslægður (gjald þetta af fiski greiðist aðeins þegar honum er skipað út), kol og salt.
2. flokkur. Gjald 100 aurar fyrir hver 100 kg:
Sement, benzín, og hvers kyns brennsluolia, áburðarolia, baðlyf, feiti, fernisolia, fiskilínur, óverkaður saltfiskur, fiski- og síldarmjöl, garnir, hey, kálmeti, kartöflur, alls konar kornvörur, kjöt, leður, leirvörur, linoleum, mör, pappír, bækur, pokar, pokastrigi, rjúpur og aðrir fuglar, rúðugler, saumur, sápa, segldúkur, seglgarn, hampur, tjara, tvistur og vaxdúkur.
3. flokkur. Gjald 100 aurar fyrir hver 100 kg:
Hraðfrystur fiskur, þurr fiskur saltaður, beitusild.
4. flokkur. Gjald 150 aurar fyrir hver 100 kg:
Skreið, lýsi, ávextir, nýir, þurrkaðir og niðursoðnir, brauðvörur, kaffi, kakaó, lyf og lyfjavörur, mjólk, alls konar niðursuðuvörur, jurtafeiti, smjör, smjörliki, súkkulaði, sykur, te, ull, sundmagi og nýlenduvörur alls konar.
5. flokkur. Gjald 5 krónur fyrir hver 100 kg:
Dúnn, eldspýtur, fiður, glervörur, glysvarningur og þess háttar léttar vörur, rjól, rulla, reyktóbak, skinnavörur, skófátnaður, vefnaðarvörur, vindlar og vindlingar.
6. flokkur. Gjald 250 aurar fyrir hver 100 kg:
Aðrar vörur, sem reiknast eftir þyngd.
7. flokkur. Gjald 15 krónur fyrir hvern teningsmetra:
Bifreiðar, húsgögn, orgel, píanó, saumavélar, skilvindur, stundaklukkur og þess háttar vörur, sem reiknast eftir rúmmáli.
8. flokkur. Timbur 5 krónur fyrir hvern teningsmetra.
Tómar síldartunnur: 25 aurar fyrir hverja tunnu.
Tómar stáltunnur og tómar lýsiföt: 50 aurar fyrir hvert stykki.
9. flokkur. Gjald 100 aurar fyrir hverja tunnu:
Síld og hrogn í tunnum, fiskflök í síldartunnum og saltfullar síldartunnur.
10. flokkur. Gjald 10 krónur fyrir hvern grip:
Hross, nautgripir og svín.
11. flokkur. Gjald 150 aurar fyrir hverja sauðkind eða geit.
12. flokkur. Gjald 40 aurar fyrir hver 100 kg af fiski upp úr sjó.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 23 6. maí 1955, um landshöfn í Keflavíkurkaupstað og Njarðvíkurhreppi, til að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt falla úr gildi reglugerðir nr. 48 28. apríl 1951 og reglugerð nr. 2 6. jan. 1955, um breyting á reglugerð nr. 172 28. okt. 1949.

Samgöngumálaráðuneytið, 16. september 1958.

Eysteinn Jónsson.

Brynj. Ingólfsson.